

BORGARRÁÐ 8. júní 2023: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um öryggi upplýsingatækni innviða

Vísað er til 3. liðar fundargerðar stafræns ráðs frá 10. maí þar sem fram ferð kynning á öryggi upplýsingatækni innviða. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að fá upplýsingar um ástæður þess að Reykjavíkurborg er svo skammt á veg komin með innleiðingu skýjaþjónustu eins og Microsoft 365 miðað við bæði ríkið og mörg fyrirtæki á einkamarkaði? Einnig er óskað upplýsinga um hvernig öryggi upplýsingatækni innviða er nú háttað í Reykjavíkurborg eftir að staða öryggisfulltrúa sviðsins var lögð niður árið 2020. Hver ber nú ábyrgð á úttekt og eftirliti ISO 27001 eins og er í ljósi þess að enn er verið að að kynna “forgangsröðun og flokkun kerfa eftir mikilvægi.” Hver er staðan á allri þessari flokkun og greiningu kerfa Reykjavíkurborgar sem búið er að minnast á í öðrum kynningum sviðsins undanfarin ár og hvenær áætlað að þeirri vinnu ljúki?